



Leikskólinn Glaðheimar – gjaldskrá frá 1. janúar 2017

Frá og með 1. janúar 2017 verður gjaldskrá leikskólans Glaðheima samkvæmt eftirfarandi töflu. Gjaldskráin er miðuð við að 21,6 virkir dagar séu að meðaltali í mánuði.

Klst	Grunn-gjald	Morgun-matur	Hádegis-matur	Síðdegis-hressing	Samtals
4	12.826	1.777			14.603
5	16.032	1.777	4.998		22.807
6	19.239	1.777	4.998		26.013
7	22.445	1.777	4.998	1.777	30.997
8	25.651	1.777	4.998	1.777	34.203
9	28.858	1.777	4.998	1.777	37.410
30 mín. aukagjald	1.603				1.603

Leikskólagjöld

Afslættir

Einstæðir foreldrar, námsfólk, ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu námi og starfsmenn við leikskólann í fullu starfi fá 35% afslátt af grunngjaldi. Afslátturinn nær til dvalargjalds fyrsta barns.

Systkinaafsláttur er 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn. Afslátturinn er samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum, leikskóla og heilsdagsskóla. Afslátturinn reiknast þannig að yngsta barn greiðir fullt grunngjald, 35% afsláttur af grunngjaldi er fyrir annað barn og ekkert grunngjald greiðist fyrir þriðja barn.

Fjarvera

Ef barn er fjarverandi vegna veikinda 4 vikur samfelld eða lengur er heimilt að endurgreiða helming af dvalargjaldi gegn framvísan læknisvottorðs.

Fjarvera fatlaðra og/eða langveikra barna er metin sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig af fræðslumálaráði að undangenginni skriflegri beiðni foreldra.

Takmarkanir

- Ekki er hægt að kaupa færri en 4 stundir.
- Hægt er að kaupa 15 mín. sitt hvoru megin við grunntíma og greiða 30 mín. aukagjald.

Fyrirvari um breytingar á gjaldskrá.

Áskilinn er réttur til endurskoðunar gjaldskrár m.t.t. breytinga á vísitölu launa og/eða neysluverðs.